



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Umsögn skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs um drög að tillögu mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um samráðsvettvang um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi

Meðfylgjandi umsögn um drög að tillögu mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um samráðsvettvang um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs 9. október 2023 og á fundi velferðarráðs 1. nóvember 2023.

Fulltrúar Pírata, Flokks fólksins og Þorvaldur Daniélsson, fulltrúi Framsóknar, sátu hjá við afgreiðslu málsins í velferðarráði.

Fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi bókun við afgreiðslu málsins í velferðarráði:

Til afgreiðslu er umsögn velferðarráðs um tillögu mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Í umsögn er bent á að bráðaviðbrögð við ofbeldisatviki eigi ekki að vera á verksviði kjörinna fulltrúa. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort þarna sé ekki um einhvern misskilning að ræða? Fulltrúi Flokks fólksins lagði aldrei þann skilning í tillöguna að þarna væri um að ræða samstarfshóp um bráðaviðbrögð við ofbeldisatvikum heldur væri verið að leggja áherslu á þverfaglega samvinnu stofnana og grasrótarsamtaka til að sporna gegn auknu ofbeldi meðal barna. Fyrir um ári síðan lagði Flokkur fólksins fram tillögu um stofnun stýrihóps sem myndi kortleggja aukinn vopnaburð og tillögu um aukið samráð þriggja ráða í ofbeldisvarnarmálum. Það vakti því sérstaka athygli fulltrúans að í umræddri umsögn er bent á að betra væri að stofna stýrihóp þar sem sætu formenn VEL, SFS og MOR og að þeir njóti ráðgjafar ýmissa fagaðila. Fulltrúi Flokks fólksins hefur beitt sér ítrekað á þessum vettvangi og nú síðast lagði flokkurinn til að Reykjavíkurborg sendi foreldrum grunnskólabarna bréf þar sem reglur um bann við vopnaburði væru kynntar. Fulltrúi Flokks fólksins minnir á sláandi niðurstöður nýlegrar Æskulýðsrannsóknar um aukið ofbeldi og telur því brýnt að menn láti ekki staðar numið og gangi í verkefnið.

Umsögnin er hér með send mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði.

Rannveig Einarsdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Umsögn um drög að tillögu mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um samráðsvettvang um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi, dags. 25. september 2023.

Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu á starfssvæði Suðurmíðstöðvar, dags. 8. febrúar 2023.



UMSÖGN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð og velferðarráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn um drög að tillögu mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um samráðsvettvang um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs Reykjavíkurborgar 24. ágúst 2023 var samþykkt að vísa svohljóðandi drögum að tillögu mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um samráðsvettvang um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi til umsagnar velferðarráðs og skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að settur verði á fót samstarfshópur í Reykjavík sem hefur það hlutverk að leggja til leiðir til að annars vegar að vinna að forvörnum gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna og samræma þá vinnu og hins vegar til að bregðast strax við þegar slík brot eiga sér stað. Lögð verði áhersla á þverfaglega samvinnu stofnana og grasrótarsamtaka sem tengjast málefnum barna.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Umsögn:

Tekið er undir mikilvægi þess að bregðast við því ástandi sem upp er komið í tengslum við ofbeldi meðal barna og unglinga og tekur undir að skýrt samstarf þurfi að vera innan borgarinnar. Í dag er til staðar ákveðinn samráðsvettvangur innan borgarinnar og þá ætti fremur að meta hvort leiðir séu til að auka hann og gera skýrari eða hvort koma þurfi á nýjum samráðsvettvangi.

Hins vegar er bent á að í tillögunni er verið að blanda tvennu saman. Annars vegar stefnumótun varðandi forvarnir og hins vegar bráðaviðbrögðum þegar ofbeldisatvik eiga sér stað. Hið fyrra getur vel verið á könnu stýrihóps sem í sitja formenn VEL, SFS og MOR. Þá færi vel á því að stýrihópurinn nyti ráðgjafar lögreglu, barnaverndar, fulltrúa landlæknis, Barna- og fjölskyldustofu, fulltrúa framhaldsskóla, foreldra og Bergsins auk starfsmanna skóla- og frístundasviðs, velferðarsviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Til viðbótar þessum hópi væri æskilegt að til ráðgjafar væri fulltrúi Hins hússins.

Hið síðara (bráðaviðbrögð) getur trauðla verið á verksviði kjörinna fulltrúa og fulltrúa hagsmunahópa því ofbeldisatvik gerast allan sólarhringinn alla daga ársins og því ógjörningur að þessir fulltrúar sinni slíkum verkefnum. Mælt er með því að þau samstarfsmódel sem þegar er verið að mynda innan BBB, lögreglu, barnaverndar og heilsugæslu innan einstakra borgarhluta sinni bráðaviðbrögðum. (Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu 0-17 ára).



Lögð er áherslu á að sameina og nýta krafta fólks sem best og forðast að verið sé að vinna með sömu málin, án samráðs, á mörgum stöðum innan sveitarfélaga og stofnana. Í því tilliti er minnt á þau verkefni sem þegar eru í gangi á vettvangi skóla- og frístundastarfs og velferðarstarfs og varða ofbeldisvarnir:

- Forvarnaáætlun Reykjavíkurborgar, sem verið er að vinna út frá Lýðheilsustefnu borgarinnar, þar sem einn af áhersluþáttunum er „Höfnum ofbeldi“
- Forvarnahópar innan hvers grunnskóla gegn kynbundnu og kynferðislegu áreitni og ofbeldi (stýrt af Sambandi íslenskra sveitarfélaga).
- Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð
- Senter verkefnið
- Hinsegin félagsmiðstöð
- Samráð sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um forvarnarmál
- Verkefni verkefnastjóra ofbeldisvarna hjá Embætti landlæknis
- Regnbogavottun starfsstaða

Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið hafa ekki svigrúm til að manna stöðu starfsmanns stýrihópsins og telja eðlilegt að mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar leggi til starfsmann, ef ákvörðun verður tekin um stofnun slíks hóps.

Fylgiskjal:

Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu á starfssvæði Suðarmiðstöðvar Reykjavíkurborgar, samþykkt á fundi borgarráðs 19. janúar 2023.

Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu á starfssvæði Suðurmíðstöðvar Reykjavíkurborgar

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, skóla- og frístundadeild og barna- og fjölskyldudeild í Suðurmíðstöð Reykjavíkurborgar, Barnaverndarþjónusta Reykjavíkur og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hafa ákveðið að vinna saman til að stuðla að farsæld fyrir börn sem eru í viðkvæmri stöðu.

Börn í viðkvæmri stöðu eru börn 0-17 ára sem eru þolendur og gerendur í ofbeldismálum og falla undir tilkynningarskyldu almennings skv. 1. mgr. 16. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, með síðari breytingum, um að a) búa við óviðunandi uppeldisaðstæður, b) verða fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða c) stofna heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 skylda þá sem veita þjónustu sem á þátt í að efla eða tryggja farsæld barna og ungmenna, hvort sem hún er hluti af stjórnáætlun ríkis, sveitarfélags eða einkaaðila til að:

1. Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.
2. Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.
3. Hafa samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.

Samkvæmt lögum ber þjónustuveitendum að hafa góða almenna samvinnu sín á milli með áherslu á þverfaglega þekkingu og gagnkvæma fræðslu, fylgjast með, taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt á fullnægjandi hátt og bregðast við þeim, og að taka þátt í því samstarfi sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlun sem henni fylgir kveða á um bættu líðan barna og ungmenna, forvarnir í þeirra þágu og mikilvægi samstarfs milli lykilaðila sem sinna þjónustu við þau. Þá kveður velferðarstefna Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlun sem henni fylgir einnig á um slíkt samráð aðila. Miðstöðvum Reykjavíkurborgar ber að tryggja að samráð lykilaðila fari fram undir formerkjum Betri borgar fyrir börn.

Til samræmis við ofangreind markmið og skyldur lýsa aðilar yfir vilja til að starfa saman og móta og samræma verklag sitt í þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu, eins og hægt er innan ramma laga um starfsemi aðila, persónuvernd og mannréttindi. Verklagið nær til miðlunar upplýsinga, samstarfs og þróunar samþættingar í þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu og forelda þeirra.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna koma ekki í stað lögbundinnar tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda, skv. IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 né víkja til hliðar öðrum lagaskyldum samstarfsaðila vegna barna.

Samstarfsaðilar lýsa yfir skýrum vilja til að þróa áfram samvinnu sína á grundvelli ofangreindra laga og stefna Reykjavíkurborgar til að tryggja vernd og umönnun barna gegn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Reykjavík, 08.02.2023

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Borgarstjóri Reykjavíkur

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Gudrun Ólafsdóttir


Viðaukar:

Verklag um samvinnu vegna barna í viðkvæmri stöðu í Suðurmíðstöðvar.

Listi yfir fulltrúa samstarfsaðila í verkefninu.

Verklag lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu varðandi ofbeldi ungmenna.

Reglur um greiningu ágreiningsmála er varða hagsmuni barna sem koma til meðferðar hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu með sérstakri áherslu á vernd barna í viðkvæmri stöðu.

Handwritten signature and initials in blue ink, located in the bottom right corner of the page. The signature appears to be 'Sigríður' followed by initials 'GTH' and 'ar'.

Verklag um samvinnu vegna barna í viðkvæmri stöðu í Suðurmíðstöð Reykjavíkur

1. gr.

Tilgangur

Verklag þetta er sett til að stuðla að farsæld barna í viðkvæmri stöðu á starfssvæði Suðurmíðstöðvar Reykjavíkur og draga úr líkum á ítrekuðu ofbeldi.

2. gr.

Skilgreiningar

Börn í viðkvæmri stöðu: Börn 0 að átjándi afmælisdegi sem eru gerendur og þolendur í ofbeldismálum skv. skilgreiningu barnaverndarlaga nr. 80/2002 með áorðnum breytingum sem

- a) búa við óviðunandi uppeldisaðstæður
- b) verða fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
- c) stofna heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Samstarfsaðilar: Þær stofnanir og embætti sem veita börnum í viðkvæmri stöðu þjónustu. Þetta á við um heilsugæslu, leik – og grunnskóla, frístundaheimili, íþrótt- og tómstundafélög, félagsmiðstöðvar, framhaldsskóla, skólaþjónustu, félagsþjónustu, barnavernd, sýslumenn og lögreglu.

3. gr.

Hlutverk og ábyrgð

Samstarfsaðilar bera ábyrgð á að unnið sé skv. verklaginu innan sinna eininga.

4. gr.

Verklag um samvinnu samstarfsaðila

A fundur: Áhyggjur vakna hjá samstarfsaðila um velferð barns í viðkvæmri stöðu.

- Óformleg ráðgjöf er sótt, s.s. til skólaþjónustu, félagsþjónustu, barnaverndarþjónustu eða annarra samstarfsaðila.
- Ákvörðun er tekin um næsta skref í samráði við foreldra ef hægt er.
- Mál er leyst hjá samstarfsaðila eða því vísað áfram á B fund.
- Ef við á: Máli vísað til barnaverndarþjónustu, mál tilkynnt lögreglu, lögregla kölluð til (skv. leiðbeiningum) eða kallað til sérfundar vegna málsins.

B fundur: Málið metið á einfaldan staðlaðan hátt á formlegum vettvangi samstarfsaðilaá eftirfarandi fundum.

- Teymisfundum mæðraverndar, ung- og smábarnaverndar.
- Samráðsfundumteymis Betri borgar fyrir börn (BBB-teymi).
- Nemendaverndarráðsfundum grunnskóla.

- Barnaverndarmálafundum barnaverndarþjónustu.
- Teymisfundum SMH í samræmi við verklag.
- Fundum í framhaldsskóla.
- Frekari gagna aflað, mál leyst hjá samstarfsaðila eða því vísað áfram í réttan farveg.
- Ef við á: Máli vísað til barnaverndarþjónustu, mál tilkynnt lögreglu, lögregla kölluð til (skv. leiðbeiningum) eða kallað til sérfundar vegna málsins.

C fundur: Mál tekið fyrir á samráðsfundum.

- Samráðsfundum með barnavernd Reykjavíkur vegna Betri borgar fyrir börn.
- Tilkynningafundum barnaverndarþjónustu með skólum.
- Tilkynningafundum barnaverndarþjónustu og lögreglu.
- Samráðsteymum heilsugæslunnar, Suðurmiðstöðvar RVK, barnaverndarþjónustu Reykjavíkur og BUGL.
- Ákvörðun tekin um lausnir, málinu komið í farveg eða því lokað.
- Ef við á: Máli vísað til barnaverndarþjónustu, mál tilkynnt lögreglu, lögregla kölluð til (skv. leiðbeiningum) eða kallað til sérfundar vegna málsins.

Tvisvar á ári: Farið er yfir heildarstöðuna á starfssvæði Suðurmiðstöðvar á SLÖFF-fundi og málefni einstakra samstarfsaðila rædd (febrúar og október). Allir samstarfsaðilar boðaðir.

- Ef við á: Ákvarðanir teknar um viðbrögð og þeim komið í farveg.



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 17. janúar 2023
MSS23010099

Borgarráð

Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu á starfssvæði Suðurmíðstöðvar Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða samstarfsyfirlýsingu vegna barna í viðkvæmri stöðu á starfssvæði Suðurmíðstöðvar Reykjavíkurborgar þar sem samstarfsaðilar lýsa yfir skýrum vilja til að þróa áfram samvinnu sína á grundvelli laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 til að tryggja vernd og umönnun barna gegn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Hugmyndin er sú að gera tilraun í einu hverfi og verklagið mótað og síðan innleitt í hin hverfin.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu á starfssvæði Suðurmíðstöðvar Reykjavíkurborgar, ásamt viðaukum.

Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu á starfssvæði Suðurmíðstöðvar Reykjavíkurborgar

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, skóla- og frístundadeild og barna- og fjölskyldudeild í Suðurmíðstöð Reykjavíkurborgar, Barnaverndarþjónusta Reykjavíkur og Fjölbautaskólinn í Breiðholti hafa ákveðið að vinna saman til að stuðla að farsæld fyrir börn sem eru í viðkvæmri stöðu.

Börn í viðkvæmri stöðu eru börn 0-17 ára sem eru þolendur og gerendur í ofbeldismálum og falla undir tilkynningarskyldu almennings skv. 1. mgr. 16. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, með síðari breytingum, um að a) búa við óviðunandi uppeldisaðstæður, b) verða fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða c) stofna heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 skylda þá sem veita þjónustu sem á þátt í að efla eða tryggja farsæld barna og ungmenna, hvort sem hún er hluti af stjórnsýslu ríkis, sveitarfélags eða einkaaðila til að:

1. Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.
2. Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.
3. Hafa samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.

Samkvæmt lögnum ber þjónustuveitendum að hafa góða almenna samvinnu sín á milli með áherslu á þverfaglega þekkingu og gagnkvæma fræðslu, fylgjast með, taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt á fullnægjandi hátt og bregðast við þeim, og að taka þátt í því samstarfi sem nánar er mælt fyrir um í lögnum. Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlun sem henni fylgir kveða á um bættu líðan barna og ungmenna, forvarnir í þeirra þágu og mikilvægi samstarfs milli lykilaðila sem sinna þjónustu við þau. Þá kveður velferðarstefna Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlun sem henni fylgir einnig á um slíkt samráð aðila. Miðstöðvum Reykjavíkurborgar ber að tryggja að samráð lykilaðila fari fram undir formerkjum Betri borgar fyrir börn.

Til samræmis við ofangreind markmið og skyldur lýsa aðilar yfir vilja til að starfa saman og móta og samræma verklag sitt í þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu, eins og hægt er innan ramma laga um starfsemi aðila, persónuvernd og mannréttindi. Verklagið nær til miðlunar upplýsinga, samstarfs og þróunar samþættingar í þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu og forelda þeirra.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna koma ekki í stað lögbundinnar tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda, skv. IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 né víkja til hliðar öðrum lagaskyldum samstarfsaðila vegna barna.

Samstarfsaðilar lýsa yfir skýrum vilja til að þróa áfram samvinnu sína á grundvelli ofangreindra laga og stefna Reykjavíkurborgar til að tryggja vernd og umönnun barna gegn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Reykjavík, xx.xx.2023

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Fh. Reykjavíkurborgar

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Viðaukar:

Verklag um samvinnu vegna barna í viðkvæmri stöðu í Suðurmíðstöðvar.

Listi yfir fulltrúa samstarfsaðila í verkefninu.

Verklag lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu varðandi ofbeldi ungmenna.

Reglur um greiningu ágreiningsmála er varða hagsmuni barna sem koma til meðferðar hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu með sérstakri áherslu á vernd barna í viðkvæmri stöðu.

Verklag um samvinnu vegna barna í viðkvæmri stöðu í Suðurmíðstöð Reykjavíkur

1. gr.

Tilgangur

Verklag þetta er sett til að stuðla að farsæld barna í viðkvæmri stöðu á starfssvæði Suðurmíðstöðvar Reykjavíkur og draga úr líkum á ítrekuðu ofbeldi.

2. gr.

Skilgreiningar

Börn í viðkvæmri stöðu: Börn 0 að átjándá afmælisdegi sem eru gerendur og þolendur í ofbeldismálum skv. skilgreiningu barnaverndarlaga nr. 80/2002 með áorðnum breytingum sem

- a) búa við óviðunandi uppeldisaðstæður
- b) verða fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
- c) stofna heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Samstarfsaðilar: Þær stofnanir og embætti sem veita börnum í viðkvæmri stöðu þjónustu. Þetta á við um heilsugæslu, leik – og grunnskóla, frístundaheimili, íþrótt- og tómstundafélög, félagsmíðstöðvar, framhaldsskóla, skólapijónustu, félagsþjónustu, barnavernd, sýslumenn og lögreglu.

3. gr.

Hlutverk og ábyrgð

Samstarfsaðilar bera ábyrgð á að unnið sé skv. verklaginu innan sinna eininga.

4. gr.

Verklag um samvinnu samstarfsaðila

A fundur: Áhyggjur vakna hjá samstarfsaðila um velferð barns í viðkvæmri stöðu.

- Óformleg ráðgjöf er sótt, s.s. til skólapijónustu, félagsþjónustu, barnaverndarþjónustu eða annarra samstarfsaðila.
- Ákvörðun er tekin um næsta skref í samráði við foreldra ef hægt er.
- Mál er leyst hjá samstarfsaðila eða því vísað áfram á B fund.
- Ef við á: Máli vísað til barnaverndarþjónustu, mál tilkynnt lögreglu, lögregla kölluð til (skv. leiðbeiningum) eða kallað til sérfundar vegna málsins.

B fundur: Málið metið á einfaldan staðlaðan hátt á formlegum vettvangi samstarfsaðilaá eftirfarandi fundum.

- Teymisfundum mæðraverndar, ung- og smábarnaverndar.
- Samráðsfundumteymis Betri borgar fyrir börn (BBB-teymi).
- Nemendaverndarráðsfundum grunnskóla.

- Barnaverndarmálafundum barnaverndarþjónustu.
- Teymisfundum SMH í samræmi við verklag.
- Fundum í framhaldsskóla.
- Frekari gagna aflað, mál leyst hjá samstarfsaðila eða því vísað áfram í réttan farveg.
- Ef við á: Máli vísað til barnaverndarþjónustu, mál tilkynnt lögreglu, lögregla kölluð til (skv. leiðbeiningum) eða kallað til sérfundar vegna málsins.

C fundur: Mál tekið fyrir á samráðsfundum.

- Samráðsfundum með barnavernd Reykjavíkur vegna Betri borgar fyrir börn.
- Tilkynningafundum barnaverndarþjónustu með skólum.
- Tilkynningafundum barnaverndarþjónustu og lögreglu.
- Samráðsteymum heilsugæslunnar, Suðurmíðstöðvar RVK, barnaverndarþjónustu Reykjavíkur og BUGL.
- Ákvörðun tekin um lausnir, málinu komið í farveg eða því lokað.
- Ef við á: Máli vísað til barnaverndarþjónustu, mál tilkynnt lögreglu, lögregla kölluð til (skv. leiðbeiningum) eða kallað til sérfundar vegna málsins.

Tvisvar á ári: Farið er yfir heildarstöðuna á starfssvæði Suðurmíðstöðvar á SLÖFF-fundi og málefni einstakra samstarfsaðila rædd (febrúar og október). Allir samstarfsaðilar boðaðir.

- Ef við á: Ákvarðanir teknar um viðbrögð og þeim komið í farveg.

1.0 Almenn

Mál sem varða ofbeldi og kynferðisbrot gagnvart börnum og mál þar sem gerendur í slíkum málum eru yngri en 18 ára skulu sæta sérstökum forgangi við rannsókn mála og hraða skal meðferð þeirra.

Verklagsreglan byggir á 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sbr. lög nr. 62/1994, barnaverndarlög nr. 80/2002, fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 9/2009 um meðferð mála yngri en 15 ára, fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 4/2017 um málsmeðferðartíma og fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 2/2018 um rannsóknaráætlanir og greiningu sakamála.

2.0 Tilgangur og gildissvið

Tilgangur verklagsreglunnar er að samræma meðferð mála hjá lögreglu þar sem börn og ungmenni undir 18 ára eru brotþolar og gerendur í ofbeldismálum.

Pegar mál varða brot í nánu sambandi skal fylgja verklagi um heimilisofbeldi. Ef um kynferðisbrot er að ræða skal vísa máli til miðlægrar rannsóknardeildar kynferðisbrota, R1.

Verklagsreglan gildir fyrir allt starfsfólk lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

3.0 Hlutverk og ábyrgð

Yfirlögregluþjónar löggæslusviðs og rannsóknarsviðs bera ábyrgð á innleiðingu verklagsreglunnar hvað varðar lögreglumenn. Aðstoðarlögreglustjóri á ákærusviði ber ábyrgð á viðhaldi verklagsreglunnar og innleiðingu gagnvart ákærendum. Lögreglumenn og ákærendur bera ábyrgð á að vinna samkvæmt verkferlinum sem og aðrir starfsmenn sem að ferlinu koma.

4.0 Móttaka máls

Mál koma inn til lögreglu með margskonar hætti en oftast sem tilkynning um brot eða kæra. Mál koma einnig inn á borð lögreglu vegna frumkvæðisvinnu. T.d. berast upplýsingar til lögreglu um myndbönd eða annað sem eru í dreifingu eða ef upplýsingar berast um að skipulögð slagsmál séu í undirbúningi.

4.1 Skráning máls

Skrá mál í LÖKE

1. Skrá ofbeldismálslið (217 eða 218 gr.).
2. Skrá málsliðinn ofbeldismyndband, ef við á.
3. Skrá tilkynningu til barnaverndar.

4. Skrá nöfn sakborninga/grunaðra - ef vitað er um hverja er að ræða.
5. Skrá nöfn brotþola/árásaraðila - ef vitað er um hverja er að ræða.
6. Skrá nöfn vitna - ef vitað er um hverja er að ræða .
7. Skrá nöfn forráðamanna barna/ungmenna.

Færa myndefni í Fotoware

1. Hlaða myndefni inn í Fotoware- Leiðbeiningar má nálgast hér.
2. Muna að setja inn allar upplýsingar - sérstaklega málsnúmer svo hægt verði að sækja gögnin seinna úr LÖKE.

4.2 Úthlutun máls

Úthlutun máls tekur mið af eftirfarandi:

1. Ef brotþoli er yngri en 15 ára en gerandi 18 ára eða eldri þá er málinu úthlutað til R-2, miðlægrar rannsóknardeildar ofbeldisbrota.
2. Í öðrum tilvikum fara rannsóknardeildir stöðvanna með rannsókn máls sem koma upp á þeirra svæði.
 1. Ef vettvangur er ekki þekktur þá tekur úthlutun máls mið af lögheimilisskráningu geranda.
 2. Ef hvorki vettvangur né gerandi er þekktur þá er máli úthlutað miðað við tilkynningarstað.
3. Eldri mál draga til sín nýrri mál.
4. Sviðstjóri ákærusviðs eða staðgengill hans hefur endanlegt úrskurðarvald um hvar mál skuli tekið til meðferðar ef vafi rís um það.

5.0 Rannsókn máls

Um skýrslutökur ósakhæfra barna gilda fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 9/2009 en lögreglu ber að rannsaka brot ósakhæfra barna m.a. til að leiða í ljós umfang brots, ganga úr skugga um hvort aðrir kunni að eiga þátt í broti, að unnt verði að hafa uppá og/eða skila hlutum sem hafa verið andlag brots, að leitast við að stuðla að velferð barna og ungmenna. Skýrslutaka skal fara fram að viðstöddum barnaverndarfulltrúa eða foreldri ef rannsóknarhagsmunir leyfa. Einnig þarf að tala við vitni, sérstaklega þeirra sem taka upp myndskleid eða annað myndefni og dreifa.

Greining

Allar lögreglurannsóknir eiga að vera markmiðsstýrðar og ganga samkvæmt áætlun. Rannsóknaráætlun ber að gera í samræmi við fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 2/2018 ef mál varðar alvarlega líkamsárás.

Skýrslutaka

1. Ef barn er sakhæft skal fylgja gátlista vegna skýrslutöku sakhæfra barna.
2. Ef barn er ósakhæft þá skal fylgja gátlista vegna skýrslutöku ósakhæfra barna.
3. Ef myndefni liggur fyrir skal sýna það öllum viðstöddum. Ef upplýsingar um þá einstaklinga sem eru á myndefninu eru ekki fyrirbyggjandi skal leitast við að fá upplýsingar um þá. Leggja áherslu á alvarleika máls.
4. Fá ungmenni/foreldra til að afsala sér vopnum (ef þau voru notuð við árásina) og einnig til að eyða ofbeldismyndefni úr síma unglingsins.
5. Ef við á skal afla upplýsinga hjá barni/ungmenni um vefsíður þar sem finna má ofbeldismyndefni sem börnin eða ungmennin þekkja og/eða hafa aðgang að.

Afgreiðsla

1. Skrifa þarf skýrslu á mál hvort sem um er að ræða sakhæft eða ósakhæft barn.
2. Koma þarf máli í farveg og ljúka því með formlegum hætti s.s. með sáttameðferð skv. verklagsreglum þar um, eða öðrum úrræðum.
3. Þegar lögregla fær upplýsingar um síður eða hópa á samfélagsmiðlum þar sem birt er ofbeldismyndefni barna/ungmenna skal lögregla sannreyna efni síðunnar og eftir atvikum láta loka síðunum - sjá leiðbeiningar um lokun síðna á samfélagsmiðlum.
4. Upplýsa foreldra/forráðamenn að upplýsingar um mál hjá lögreglu verði sendar til barnaverndar- og félagsþjónustu í hverfi barns eða ungmennis.

Halla Bergþóra Björnsdóttir

Reglur um greiningu ágreiningsmála er varða hagsmuni barna sem koma til meðferðar hjá SMH með sérstakri áherslu á vernd barna í viðkvæmri stöðu

Tilgangur reglnanna: er að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir í þessum málum til þess að SMH geti tekið upplýsta ákvörðun í hverju tilviki með hliðsjón af þeim hagsmunum sem um ræðir.

Jafnframt til að tryggja að þegar mál er skilgreint sem gult mál eða rautt mál, verði tilkynning á grundvelli 16. og 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, send til barnaverndar eða aðilum málsins vísað til viðeigandi stofnunar í því skyni að foreldrar og/eða barn fái viðeigandi þjónustu eftir því sem við á.

Greining mála

Mál skulu flokkuð í eftirfarandi þrjá flokka eftir því hve mikil áhrif þau eru talin hafa á velferð og líf barna þegar lagt er mat á það hvort og/eða hvernig miðla skuli upplýsingum til annarra stofnanna.

- a. **Afgreiðslumál – græn mál:** Ekki eru uppi sérstakar vísbendingar um að ágreiningur hafi afgerandi áhrif á stöðu eða velferð barns. Foreldrar virðast að mestu sammála um flest málefni er lúta að skilnaði/sambúðarslitum og/eða aðstæðum barns.

Almennt er ekki gert ráð fyrir að miðla þurfi upplýsingum til annarra stofnanna í þessum málum.

- b. **Ágreiningsmál – gul mál:** Visbendingar er um að ágreiningur sé til staðar og að hann hafi áhrif á velferð og líðan barns. Fyrri samkomulag er úr gildi fallið eða samkomulag er ekki til staðar og annar eða báðir foreldrar eru ósáttir við stöðu mála og/eða ágreiningur er í uppsiglingu.

Ábyrgðarmaður málsins hjá SMH skal bera málið og möguleg úrræði sýslumanns samkvæmt barnalögum, upp á teymisfundi lögfræðinga eða eftir atvikum teymisfundi lögfræðinga og sérfræðinga hjá SMH. Meta þarf hvort lagaleg úrræði sýslumanns svo sem sáttameðferð samkvæmt 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003 eða ráðgjöf samkvæmt 33. gr. barnalaga nr. 76/2003, séu fullnægjandi úrræði eða hvort að aðstæður séu með þeim hætti að nauðsynlegt sé að tilkynna til barnaverndar á grundvelli 16. og 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þá kemur til álíta að vísa aðilum málsins til félagsþjónustu í sínu sveitarfélagi á grundvelli 17. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaganna nr. 40/1991.

- c. **Atakamál – rautt mál:** Rökstuddar grunsemdir er um að ágreiningur sé verulegur milli foreldra og að hann hafi áhrif á velferð og líðan barns. Grunsemdir er um að ofbeldi sé eða hafi verið til staðar í fjölskyldunni, andlegt eða líkamlegt. Annar eða báðir foreldrar eru ósáttir við stöðuna og ágreiningur er greinilegur.

Barn segir frá því að það hafi verið beitt ofbeldi af hálfu foreldris, annars eða beggja, eða öðrum.

Barn segir frá vanvirðandi háttsemi gagnvart sér, slæmum aðbúnaði eða öðru sem kann að hafa áhrif á barni alist upp við þroskavænleg skilyrði.

Þegar mál eru skilgreind sem rautt mál **skal** ábyrgðarmaður málsins hjá SMH tilkynna viðeigandi barnavernd um það m.v.t. 16. og 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þegar mál eru skilgreind sem rautt mál **skal** ábyrgðarmaður óska eftir upplýsingum um foreldra og barn hjá Ríkislögreglustjóra og barnavernd á grundvelli 1. mgr. 72. gr. barnalaga nr. 76/2003, í þeim tilgangi að fá þar upplýsingar sem eru mikilvægar til að unnt sé að taka upplýsta og sem réttasta ákvörðun í máli.

Heimild sýslumanns til öflunar gagna frá öðrum stofnunum

Sýslumaður hefur heimild til að afla gagna að eigin frumkvæði telji hann þörf á því við úrlausn máls. Heimildina er að finna í 1. mgr. 72. barnalaga nr. 76/2003.

1. mgr. 72. gr. barnalaga nr. 76/2003

Aðilum máls ber að afla þeirra gagna sem sýslumaður telur þörf á til úrlausnar máls. Enn fremur getur sýslumaður aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf krefur, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga.

10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993

Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

Í handbók með barnalögum sem gefin var út af Dómsmálaráðuneytinu árið 2013, segir um framangreinda heimild: „Með breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 61/2012 er tekið af skarið um að sýslumaður eigi rétt á aðgangi að öllum þeim gögnum um aðila og börn þeirra sem hann telur nauðsynleg fyrir úrlausn máls með tilliti til hagsmuna barnsins. Nauðsynlegt þykir að tryggja sýslumanni aðgang að frekari gögnum en gert var ráð fyrir í ákvæðinu í eldri mynd. Í þeim málum þar sem aðilar verða ekki við tilmælum sýslumanns um að leggja fram gögn sem hann telur þörf á er mikilvægt að tryggja að þeir sem búa yfir gögnum hafi skýra lagaheimild til að láta sýslumanni þ þau í té enda má gera ráð fyrir að hér sé oft um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar um hagi viðkomandi. Auk þeirra gagna sem nefnd voru áður (skattframtöl, sakavottorð og lögregluskýrslur) getur nú til dæmis verið um að ræða gögn frá heilbrigðis-, félagsmála- og barnaverndaryfirvöldum. Árétta ber að hér er um að ræða afrit af gögnum sem þegar liggja fyrir en ákvæðið felur ekki í sér skyldu annarra til að meta mál sérstaklega eða úbúa ný gögn.“

Jafnframt er rétt að benda á að hvorki í framangreindu ákvæði, eða í lögskýringargögnum er kveðið á um að heimild sýslumanns til að hafa frumkvæði að gagnaöflun sé háð samþykki aðila máls. Þvert á móti er það mat Persónuverndar að sýslumaður geti ekki byggt vinnslu persónuupplýsinga sem rúmast innan valdheimilda hans, á samþykki viðkomandi. Í því samhengi er rétt að benda á svar Persónuverndar til sýslumannsins í Vestmannaeyjum þann 3. desember 2020 en þar segir: „Hvað varðar aðrar heimildir ákvæðisins má nefna að ólíklegt er að stjórnvöld geti byggt heimild til vinnslu persónuupplýsinga á samþykki þegar þau starfa innan valdheimilda sinna þar sem það er til staðar valdaójafnvægi á milli ábyrgðaraðila og hins skráða.“

Heimild sýslumanns til miðlunar upplýsinga til annarra

Sýslumaður hefur heimild/skyldu til að hafa frumkvæði að tilkynningu til barnaverndar, sbr. 16. og 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Sýslumaður hefur heimild til að skiptast á upplýsingum við lögreglu, að því marki sem nauðsynlegt er, til að lögregla eða samstarfsaðili geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 11. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.